ÍSLENSKI FIMLEIKASTIGINN

ÁHALDAFIMLEIKAR KVENNA 2021-2025

Fimleikasamband Íslands

Íslenski fimleikastiginn

Íslenski fimleikastiginn – ágrip

Íslenski Fimleikastiginn er nú gefinn út í tíunda sinn en sá fyrsti kom út árið 1985. Fimleikastiginn er gefinn út á fjögurra ára fresti og helst útgáfa í hendur við nýjar dómarareglur Alþjóðlega Fimleikasambandsins (FIG) í upphafi hvers Ólympíuhrings.

Uppbygging og þróun miðar að því að styrkja íslenska fimleika og byggir á þróun greinarinnar á heimsvísu og stöðu áhaldafimleika hérlendis hverju sinni. Aðalmarkmið Fimleikastigans er að styðja við kennslu fimleika á öllum getustigum áhaldafimleika kvenna, gefa iðkendum tækifæri til að læra samsettar fimleikaæfingar og taka þátt í keppni meðal jafningja. Mikilvægt er að þjálfarar og dómarar kynni sér innihald Fimleikastigans sem og alþjóðlegar dómarareglur FIG. Fimleikastiginn er byggður upp sem keppnisæfingar í áhaldafimleikum en er ekki tæmandi yfir þær grunnæfingar sem nauðsynlegar eru í þjálfun fimleika.

Fimleikastiginn er áfram byggður upp á átta þrepum ætluðum til æfinga og keppni í áhaldafimleikum kvenna. 5. – 1. þrep eru ætluð til keppni á mótum FSÍ, boðs- og innanfélagsmótum félaganna.

6. -7. – 8. þrep eru skylduæfingar ætlaðar til kennslu iðkenda sem eru að taka sín fyrstu skref í greininni. 7. og 8. Þrep eru ætluð innan félaga sem viðmið fyrir einfaldar samsettar grunnæfingar þar sem hver keppir við sjálfan sig og byggir stigagjöfin á einföldu matskerfi. 6. þrep er ætlað til keppni á innanfélags- og boðsmótum með hefðbundinni dómgæslu og þá helst í formi liðakeppni þar sem flestir eru að stíga sín fyrstu skref í keppni.

Efri þrep Fimleikastigans eru til keppni á mótum FSÍ, boðs- og innanfélagsmótum þar sem 2., 3., 4., og 5. þrep eru skylduæfingar að hluta með frjálsu æfingavali á hverju áhaldi sem hafa ákveðin erfiðleikagildi. Félögin semja hreyfingar á jafnvægisslá og gólfi að undanskyldum forsömdum hreyfingum á jafnvægisslá. Efsta og erfiðasta þrep Fimleikastigans er 1. þrep sem eru frjálsar æfingar sem styðjast við reglur FIG en sérkröfur eru léttari.

Aðilar sem unnu að endurgerð og nýrri útgáfu Fimleikastigans 2021 – 2025 eru Auður Ólafsdóttir, Eir Andradóttir, Hildur Ketilsdóttir, Ragna Þyri Ragnarsdóttir, Sandra Matthíasdóttir og Þorbjörg Gísladóttir sem eru fimleikaþjálfarar, fimleikadómarar og meðlimir í tækninefnd í áhaldafimleikum kvenna (TKV).

Við vinnu Fimleikastigans líkt og áður var haft samráð við þjálfara þar sem mögulegt var að senda inn tillögur að breytingum og að taka þátt í gerð stigans á vinnufundum. Vinnuhópurinn þakkar öllum þeim sem komu að gerð stigans með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir.

Íslenski Fimleikastiginn er gefin út í heild sinni og birtur á vef Fimleikasambands Íslands (FSÍ). Þar geta þjálfarar, dómarar og annað áhugafólk um áhaldafimleika sótt stigann ásamt viðauka með hjálpargögnum um uppsetningu áhalda í ákveðnum þrepum og tæknitöflum ákveðinna æfinga. Myndræn útgáfa verður birt á vefnum til að auðvelda þjálfurum, dómurum, iðkendum, foreldrum og áhugafólki að kynna sér uppbyggingu og innihald Fimleikastigans.

Tækninefnd í áhaldafimleikum kvenna, í samráði við vinnuhóp Fimleikastigans 2021 – 2025, áskilur sér rétt til breytinga innan Ólympíuhringsins ef nauðsyn krefur.

Tækninefnd í áhaldafimleikum kvenna 2020 – 2021

Reglur Fimleikastigans

I. Fimleikastiginn er ætlaður til fjögurra ára í senn og er nýr fimleikastigi gefinn út í upphafi hvers Ólympíuhrings.

II. Hámarkseinkunn í hverju þrepi er eftirfarandi:

8. - 7. þrep	5,00
6. – 2. þrep	17,00
1. þrep	Samkvæmt reglum FIG og Fimleikastigans.

III. Þegar keppandi hefur náð þrepi á móti sem haldið er á vegum FSÍ má hann klára yfirstandandi keppnistímabil í sama þrepi. Á næsta keppnistímabili verður keppandinn að keppa í næst þrepi fyrir ofan, eða ofar, þ.e. á FSÍ móti. Að undanskildu 4. og 5. þrepi þar sem keppandi færist upp um þrep um leið og þrepi er náð. Keppnistímabilið er frá 1.ágúst – 31.júlí. Gefið er út að vori ár hvert hverjir hafa náð þrepi sem er aðgengilegt á vef FSÍ.

IV. Þegar keppandi hefur náð þrepi er gefin viðurkenning frá FSÍ. Hægt er að ná þrepi á innan- og milli félagamótum sem eru dæmd með minnst tveim FSÍ dómurum, þar af annar með minnst D2 réttindi til að öðlast viðurkenningu frá FSÍ.

V. Hægt er að æfa og keppa í Fimleikastiganum í hvaða þrepi sem er án þess að hafa náð þrepinu fyrir neðan. Einnig er hægt að sleppa þrepi eða þrepum úr.

VI. Leyfilegt er að keppa upp fyrir sig á keppnistímabilinu og keppa aftur í lægra þrepinu (sem búið er að keppa í áður) á tímabilinu. En um leið og þrepinu fyrir ofan er náð innan keppnistímabilsins missir keppandinn keppnisrétt í lægra þrepinu.

VII. Þátttökuskilyrði er inn á Íslandsmót í þrepum. Reglur um rétt til þátttöku á mótið eru settar fram í Kröfum móta sem gefnar eru út í september ár hvert af TKV/FSÍ.

VIII. Komi til vafaatriða á mótum FSÍ er það í verkahring yfirdómara mótsins að taka ákvarðanir um niðurstöðu, komi það hvergi fram í gögnum Fimleikastigans.

IX. TKV/FSÍ stendur fyrir dómaranámskeiðum og kynningum á Fimleikastiganum.

X. Fimleikastigann má ekki gefa út í hluta eða heild sinni án samþykkis TKV/FSÍ.

Dómgæsla

Dómgæsla Fimleikastigans byggist á Fimleikastiganum sem og dómarabók Alþjóðlega Fimleikasambandsins "Code of Points" (COP) og er nauðsynlegt fyrir þjálfara og keppendur að kynna sér báðar dómarabækurnar.

Skylda dómara

Dómarar skulu vera vel undirbúnir fyrir hvert mót og gæta hlutleysis til hins ýtrasta við störf sín.

Dómarafundir

Dómarafundur er haldinn á keppnisstað áður en keppni hefst. Yfirdómari stjórnar fundinum þar sem farið er yfir skipulag mótsins og innihald keppnisæfinga. Dómarar geta svo fylgst með upphitun og undirbúið dómgæsluna.

Klæðnaður dómara

Alþjóðlegur dómaraklæðnaður er dökkblá dragt og hvít blússa/skyrta undir. Á mótum hérlendis er leyfilegt að dómarar klæðist svörtum jakka, pilsi eða buxum og hvítri blússu/skyrtu/bol.

Störf dómara á mótum

Í hverju dómaragengi eru D dómarar og E dómarar. D dómarar eru ábyrgir fyrir upphafseinkunn/D-einkunn. E dómarar dæma framkvæmd og listfengi.

Yfirdómari

Tækninefnd kvenna skipar yfirdómara á hvert mót.

- Hann skal halda dómarafund fyrir mótið.
- Hann yfirfer áhöld á mótsstað.
- Hann hefur yfirumsjón og ber ábyrgð á allri dómgæslu á mótinu ásamt því að sjá til þess að skipulagi TKV sé framfylgt.
- Hann leysir úr þeim vafaatriðum sem kunna að koma upp varðandi dómgæslu.
- Hann tekur við og svarar spurningum varðandi D einkunn í samráði við D dómara á áhaldi.
- Ef þjálfarar hafa spurningar varðandi D einkunn geta þeir leitað til yfirdómara áhalds og fengið útskýringu á einkunn iðkenda sinna.
- Hann sér til þess að keppendur og þjálfarar fari eftir settum reglum.
- Hann er til staðar þar til verðlaunaafhendingu er lokið.

Yfirdómari á áhaldi (D dómari)

- Er ábyrgur fyrir upphafseinkunn og sýnir hana þar sem það á við.
- Ávarpar keppendur fyrir keppni á sínu áhaldi.
- Er oddamaður ef vafaatriði koma upp.
- Kallar á yfirdómara mótsins ef nauðsyn krefur.
- Hefur yfirumsjón á að ritari, tímadómari og línudómari sinni sínum störfum.
- Er til staðar þar til verðlaunaafhendingu er lokið.

Sætaskipan dómara

Yfirdómari á áhaldi situr í miðjunni og aðrir dómarar sitja sitt hvoru megin við hann. Ritari situr úti á enda við hliðina á dómurum. Línu- og tímadómarar sitja þar fyrir utan.

Almenn upphitun

Almenn upphitun fyrir hvert mót er 20 mínútur (samkvæmt mótaplani).

Áhaldaupphitun

Er skv. skipulagi hverju sinni. Í 5., 4. og 3. þrepi er hún almennt inn í keppninni en 2. og 1. þrepi er áhaldaupphitun samkvæmt keppnisfyrirkomulagi.

Upphitun í keppni

Upphitun er eins og í alþjóðlegu reglunum, keppendur fá upphitun á áhöldum í 30 sekúndur á jafnvægisslá og gólfi, 50 sekúndur á tvíslá (tvær umferðir leyfilegar í 5.og 4.þrepi). Í Fimleikastiganum fá keppendur <u>minnst 2</u> umferðir á stökki eða 50 sekúndur.

Uppbygging einkunna

Lokaeinkunn byggist upp á tveimur einkunnum, D einkunn og E einkunn.
D einkunn samanstendur af erfiðleikagildum, sérkröfum og samtengingum.
E einkunn byrjar í 10,00 og frá henni dragast framkvæmdarvillur og listfengi. Meðaltal E einkunna er fundið og lagt við D einkunn til þess að fá lokaeinkunn. D dómarar geta einnig starfað sem E dómarar.
Lokaeinkunn er reiknuð með þremur aukastöfum, engin námundun.

Meðaltal fundið á E einkunn

Útreikningur á meðaltali fer eftir fjölda E dómara.
2 dómarar: Meðaltal tveggja
3 dómarar: Meðaltal þriggja
4 dómarar og fleiri: Hæsta og lægsta einkunn eru teknar út og meðaltal hinna reiknað til lokaeinkunnar.

Útreikningur á D einkunn

1.þrep er létt frjáls æfing og útreikningur einkunna eru eins og í COP með breyttum sérkröfum. Sérkröfur í 1. þrepi eru taldar upp hjá hverju áhaldi fyrir sig. Æfingar hafa sömu erfiðleikagildi og í COP.
2., 3., 4., 5. og 6. þrep eru skylduæfingar með vali og er hæsta mögulega upphafseinkunn 7,00 en lokaeinkunn 17,00. Sundurliðun á gildi æfinganna er að finna í töflum hjá hverju áhaldi fyrir sig. Sé ekki reynt við skylduæfingu kemur til frádráttar, sjá “Frádrættir í Fimleikastiganum”.

Frádráttur

Hægt er að draga frá 0,10 / 0,30 / 0,50 og 1,00. Ekki er hægt að nota aðra frádráttapunkta. Þegar merki ” er fyrir framan tölu táknar hæsta mögulega frádrátt upp að þeirri tölu. Dæmi ”0,50 getur verið 0,10 / 0,30 eða 0,50.

Almennur frádráttur - FIG

Villur		Lítill 0,10	Meðal 0,30	Stór 0,50	Mjög stór 1,00 eða meira
E dómara frádráttur					
Framkvæmdar frádráttur					
- Bognar hendur eða fætur	hvert skipti	x	x	x	
- Fætur eða hné í sundur	hvert skipti	x	≥ axlir		
- Fætur í kross í skrúfum	hvert skipti	x			
- Ónóg hæð í æfingum	hvert skipti	x	x		
- Ónóg nákvæmni í samanb. eða vinklaðri stöðu í einföldu heljarstökki, án skrúfu	hvert skipti	x 90° mjaðma/hnévin kill	x > 90° mjaðma/hné vinkill		
- Beinni líkamsstöðu ekki haldið- vinklað niður	hvert skipti	x	x		
- Hik í framkvæmd æfinga og hreyfinga	hvert skipti	x			
- Tilraun án þess að framkvæma æfingu	hvert skipti		x		
- Frávik frá beinni stefnu	hvert skipti	x			
Líkams- og/eða fótastaða í æfingum (ekki dans-æfingum) - Röng líkamsstaða - Ristar ekki strekktar/slakar - Ónóg splittstaða í akró æfingum (án flugs)	 hvert skipti hvert skipti hvert skipti	 x x x	 x		
- Tæknikröfur ekki uppfylltar í dans æfingum (sjá 9. kafla - listi yfir tæknivillur)		x	x	x	
- Nákvæmni	hvert skipti	x			
- Framkvæma afstökk of nálægt áhaldinu (tvíslá/slá)			x		
Frádráttur fyrir lendingu **(í öllum æfingum, líka afstökki)**	*Ef það er ekki fall þá er hámarks frádráttur* ***0,80***				
- Fætur sundur í lendingu	hvert skipti	x			
- Auka armsveiflur		x			
- Jafnvægisskortur	hvert skipti	x	x		
- Auka skref, lítið hopp	hvert skipti	x			
- Mjög stórt skref eða hopp – meira en 1 meter	hvert skipti		x		
- Röng líkamsstaða	hvert skipti	x	x		

- Djúp lending (deep squat)	hvert skipti			x	
- Stuðningur á dýnu/áhald með 1 eða 2 höndum	hvert skipti				1,00
- Fall á dýnu með hné eða rass	hvert skipti				1,00
- Fall á eða af áhaldi	hvert skipti				1,00
- Ekki lent á fótum fyrst					1,00

Almennur frádráttur – FIG

Villur		Lítil 0,10	Meðal 0,30	Stór 0,50	Mjög stór 1,00
Frádráttur fyrir D dómara					
- Samtenging framkvæmd með falli	UB,BB,FX				Ekki CV, Ekki SB (BB), Ekki Bónus
- Ekki lent á fótum fyrst eða tilskyldri stöðu í æfingu	hvert skipti				Ekki DV,CV,CR Ekki SB (BB)
- Spyrnt frá fyrir utan línu	FX				Ekki DV,CV,CR
- Heilsar ekki D dómara í upphafi og/eða lok æfingar	Gym/Event		x		Frá lokaeinkunn
- Móttaka (hjálp)	UB;BB;FX hvert skipti		1,00 frá Lokaeinkunn ● Móttaka eftir að æfing er kláruð, ekki CV ● Aðstoð við framkvæmd æfinga, ekki DV,CV,CR,SB (BB)		
- Óleyfileg viðvera þjálfara/móttakara við áhald / upp á dýnum	Gym/Event			x	Frá lokaeinkunn
Frádráttur fyrir D dómara í samráði við Yfirdómara frá Lokaeinkunn					
Varðandi áhöld					
- Öryggispúði (safety collar) ekki rétt notaður	Gym/Evt				Ógilt stökk “0”
-Yfirdýna ekki notuð fyrir lendingu	Gym/Evt			x	Frá lokaeinkunn
- Staðsetja bretti á óleyfilegt undirlag	Gym/Evt			x	
- Nota óleyfilegar aukadýnur	Gym/Evt			x	
- Færa til yfirdýnuna á meðan æfingu stendur eða staðsetja við rangan enda á slá	Gym/Evt			x	
Frádráttur Yfirdómara í samráði við D dómara frá Lokaeinkunn					
- Hækka áhald án leyfis	Gym/Evt			0,50 frá Lokaeinkunn	
- Fjarlægja gorm úr stökkbretti	Gym/Evt			0,50 frá Lokaeinkunn	
- Röng notkun á magnesíu	Gym/Evt			0,50 frá Lokaeinkunn	
Frádráttur Yfirdómara frá Lokaeinkunn					
Hegðun keppanda					

- Óleyfilegur stuðningur/bólstrun (padding)	Gym/Evt		x	Frá lokaeinkunn	
- Vantar fána merki og/eða röng staðsetning	Gym/Evt		x	Taka 1x frá í keppni CI,CII og CIV af lokaeinkunn á því áhaldi þar sem það kemur fyrst upp Taka frá lokaeinkunn á viðkomandi áhaldi í keppni CIII	
- Vantar keppnisnúmer	Gym/Evt		x		
- Óleyfilegur keppnisbolur, skartgripir, litur á teygjubindi	Gym/Evt		x		
- Óleyfileg auglýsing			x	Taka frá lokaeinkunn á viðkomandi áhaldi	
- Óíþróttamannsleg hegðun	Gym/Evt		x	Frá lokaeinkunn	
- Óleyfileg viðvera á áhaldi / dýnum “podium”	Gym/Evt		x	Frá lokaeinkunn	
- Fer aftur upp á áhaldið eftir að æfingu er lokið			x	Frá lokaeinkunn	
- Tala við starfandi dómara í keppni	Gym/evt		x	Frá lokaeinkunn	
- Keppa í rangri keppnisröð	Gym/evt				1,00 í CI og CIV frá liði á áhaldi
- Ekki samræmi í keppnisbúningum	Lið				1,00 Í keppni CI, CIV, taka 1x frá liði
Yfirgefa keppnissvæði án leyfis - Kemur ekki aftur að klára keppni			Rekin úr keppni		
- Óafsakanleg seinkun/truflun á keppni			Rekin úr keppni		
Frádráttur Tímadómara til D dómara					
- Fara út fyrir upphitunartíma (eftir viðvörun) * einstaklingur	Lið Gym/Evt		x x		Frá lokeinkunn
- Byrjar ekki æfingu innan 30 sek frá grænu ljósi	Gym/Evt		x		
- Byrjar ekki innan 60 sekúnda	Gym/Evt		Æfingu lokið		
- Yfirtími á slá og gólfi	Gym/Evt	x			
- Byrja æfingu þegar er rautt ljós	Gym/Evt				0,00
- Fara yfir leyfilegan tíma í falli tvíslá/slá			0,30		
- Fara yfir leyfilegan tíma við fall á áhaldi, meira en 60 sek á tvíslá og slá					Æfingu lokið

Almennur frádráttur – FIG

Villur		Lítil 0,10	Meðal 0,30	Stór 0,50	Mjög stór 1,00 eða meira
Frádráttur fyrir Yfirdómara Gul og Rauð spjöld					
Hegðun þjálfara sem hefur <u>ekki bein</u> áhrif á frammistöðu keppanda /liðs					
Óíþróttamannsleg hegðun	1.skipti – Gult spjald á þjálfara (viðvörun) **2. skipti – Rautt spjald á þjálfara og brottrekstur af keppnissvæði**				
Önnur ósæmileg hegðun	Rautt spjald og rekin strax af keppnissvæði				
Hegðun þjálfara sem hefur <u>bein</u> áhrif á frammistöðu keppanda / liðs					
Óíþróttamannsleg hegðun sem hefur bein áhrif á úrslit/frammistöðu keppanda/liðs, t.d. valda seinkun á móti, tala við dómara (fyrir utan D1 dómara), tala, kalla, hrópa á keppenda o.fr.v	1.skipti – 0,50 stig frá keppanda/liði á áhaldi og gult spjald á þjálfara ef hann talar við dómara 1. skipti – **1,00** stig frá keppanda/liði á áhaldi og gult spjald á þjálfara ef hann talar dónalega við dómara 2.skipti – **1,00** frá keppanda/liði. Rautt spjald á þjálfara og brottrekstur				
Önnur ósæmileg hegðun	**- 1,00 stig frá keppanda /liði á áhaldi og rautt spjald strax og brottrekstur**				

Upphafseinkunn/ D einkunn í 1.- 5. þrepi

Villur		**Lítil 0,10**	**Meðal 0,30**	**Stór 0,50**	**Mjög stór 1,00 eða meira**
Gildi æfingar (sjá undir viðkomandi þrepi)					
Vantar tengingu þar sem "+ tengja í" er í texta				x	**x**
Erfiðleikagildi æfinga í 1.þrepi samkvæmt COP					Sjá hvert áhald
Sérkröfur í 1.þrepi og sérstakir bónusar					Sjá hvert áhald

Sérstakur áhaldafrádráttur af lokaeinkunn í 2.-5. þrepi – Annar frádráttur

Villur		**Lítil 0,10**	**Meðal 0,30**	**Stór 0,50**	**Mjög stór 1,00 eða meira**
Ekki reynt við skylduæfingu					1,00
Auka tilraunir í tilhlaupi í stökki og uppstökki á tvíslá/slá					1,00
Óvirkur þjálfari á tvíslá					1,00
Þjálfari fer inn á dýnur hjá áhaldi á meðan keppni stendur				0,50	
Vantar forsamdar hreyfingar á slá				0,50	
Vantar fágun/kóreógrafíu í innkomu á gólfi 4.-2.þrepi			0,30		
Hegðun keppenda, tími, lína, búningar, keppnisnúmer , dýnur ofl. Sjá COP					

Tækni

Til að viðurkenna æfingu verður nákvæm tækni að vera til staðar. Allar tilvitnanir í gráður til að klára æfingar eða líkamstöður eru til viðmiðunar og eru hugsaðar sem leiðbeiningar.

Öll áhöld

Líkamsstaða

Samanbogið (Tuck)

- Minna en 90°vinkill í mjöðmum og hnjám í heljarstökkum og dansæfingum

Vinklað (Pike)

- Minna en 90°vinkill í heljarstökkum og dans æfingum

Beint/Strekkt (Stretch)

- Allir líkamshlutar í línu

Viðurkenning á æfingu

- Bein staða verður að vera í meirihluta heljarstökksins í :
  - Einföldu heljarstökki
  - Tvöföldu heljarstökki á gólfi og í afstökki á tvíslá
  - Stökki (heljarstökk)

- Þegar ekki er sýnd bein líkamstaða þá er það talið vinkluð staða í:
  - Æfingum án skrúfu
  - Stökkum án skrúfu

Viðurkenning á líkamstöðu í einföldu og tvöföldu heljarstökki án skrúfu	
Vinklað heljarstökk verður samanbogið 	**D dómari** Ef hné horn er minna en 135° í vinkluðu heljarstökki – Gefa samanbogið
Samanbogið heljarstökk verður beint 	**D dómari** Mjaðmir beinar (180°) – Gefa beint heljarstökk
Beint heljarstökk verður vinklað 	**D dómari** Vinkill í mjöðmum –Gefa vinklað heljarstökk Örlítil kúla (hollow) á baki eða örlítið fött (arched) líkamsstaða er ásættanleg

Lendingar úr einföldum heljarstökkum með skrúfum

a) Æfingar með skrúfum
- í uppstökki / afstökki á tvíslá og slá
- á slá og gólfi
- í öllum lendingum á stökki

verða að vera kláraðar nákvæmlega eða það telst önnur æfing úr COP*
ATH. Staða fremri fótar eða handar ákvarðar erfiðleika gildið

b) Fyrir undirsnúning:
- 3/1 skrúfa verður 2 ½ skrúfa
- 2 ½ skrúfa verður 2/1 skrúfa
- 2/1 skrúfa verður 1 ½ skrúfa
- 1 ½ skrúfa verður 1/1 skrúfa

***Gólf:** Þegar heljar með skrúfu er tengd beint við annað heljarstökk og skrúfan í fyrsta heljarstökkinu er ekki að fullu kláruð en keppandi getur haldið áfram í næstu æfingu þá er gildið ekki lækkað

Fall í lendingu

- fætur lenda fyrst – æfing telst gild
- lendir ekki á fótum fyrst – Ekkert DV – ógild æfing

Æfingar á slá og gólfi – Dans æfingar

Gildir snúningar (pirouettar) í dans æfingum

- Snúningur verður að vera að fullu kláraður annars önnur æfing gefin
- Staða axla og mjaðma er notuð til viðmiðunar, annars er gefið lægra gildi

Viðurkenning snúninga (pirouett) á öðrum fæti byrjar við:

- 180° á slá og
- 360° á gólfi

Skilyrði snúninga (pirouett)

- Verða að vera framkvæmdir upp á tá
- Líkamsstaða verður að vera nákvæm í gegnum snúninginn
- Boginn eða beinn stuðningsfótur breytir ekki erfiðleikagildi
- Snúningur telst kláraður um leið og hæll fer í gólf
- Í snúningi á öðrum fæti verður frjálsi fóturinn að halda sinni stöðu
- Ef frjálsi fóturinn er ekki í tilgreindri stöðu - þá er gefin önnur æfing úr COP

Þegar snúningur er ekki kláraður:

Dæmi:

- Slá  verður
- Gólf verður

Viðurkenning hoppa (leaps, jumps, hops) með snúning byrja frá:

- 180º á slá og gólfi (splitt, spígat og ring æfingar)
- 360º á gólfi

Mismunandi tækni er leyfð í snúningshoppum svo sem vinklað, samanbogið eða fætur sundur. Staðan getur verið í byrjun, mið eða lok snúnings. Nema annað sé tekið fram.

Fyrir undirsnúning meira en 30° er gefin önnur æfing úr æfingatöflu.

Dæmi:

- Slá/Gólf verður
- Gólf verður
- Gólf verður eða
- Slá verður

Auka ¼ snúningur breytir ekki æfingu

Skilgreining: Mismunandi orð eru notuð í ensku fyrir hopp
Leaps – spyrnt frá öðrum fæti og lent á hinum fætinum eða báðum
Hops – spyrnt frá öðrum fæti og lent á sama fæti eða báðum (180°splitt er ekki nauðsynlegt)
Jumps – spyrnt frá báðum fótum og lent á öðrum eða báðum

Ef lent er á báðum fótum – þá er það staða fremri fótar sem ákvarðar erfiðleikagildi
Ef lent er á öðrum fæti þá er það staða mjaðma og axla sem ákveða erfiðleikagildið

Krafa um splittstöðu: Frádráttur fyrir ónóg splitt í hoppum



- 0° - 20° frádráttur 0,10
- 20° - 45° frádráttur 0,30
- > 45° (dans) önnur æfing eða ekkert gildi

Kröfur á valdar dans æfingar

Jafnvægi (Scales (4.102)	
	**Kröfur**: . 180 splitt **<u>D dómari</u>** . < 180° split - Ekki DV
Dæmi um snúning með fót í ákveðni stöðu	
	**Kröfur**: . Frjálsi fóturinn í ákveðni stöðu í gegnum snúninginn **<u>D dómari</u>** . Frjálsi fóturinn fyrir neðan lárétt - önnur æfing

Samanbogið hopp með /án snúning

Kröfur:
. Mjaðma vinkill – minna en 90°
. Hné fyrir ofan lárétt

D dómari

. > 135° mjaðma/hné vinkill - ekki DV eða önnur æf.

E dómari	
. Hné lárétt	- 0,10
. Hné fyrir neðan lárétt	- 0,30

Byssuhopp með/án snúnings

Kröfur:
. Mjaðma vinkill – minna en 90°
. Beini fóturinn fyrir ofan lárétt

D dómari

. > 135° mjaðma vinkill - ekki DV eða önnur æfing

E dómari	
. Beini fóturinn lárétt	- 0,10
. Beini fóturinn fyrir neðan lárétt	- 0,30

Gallhopp (Cat leap) með/án snúnings

Kröfur:
. Fætur víxlast
. Hné fyrir ofan lárétt
. Meta stöðu lægra hnés

D dómari

. > 135° mjaðma vinkill – Ekki eða annað DV
. Fætur víxlast ekki – Samanbogið (Tuck jump) hopp

E dómari	
. Annar/ báðir fætur lárétt	- 0,10
. Annar /báðir fætur fyrir neðan lárétt	- 0,30

Spígat hopp með/án snúnings



Kröfur:
- Báðir fætur fyrir ofan lárétt

D dómari

- > 135° mjaðma vinkill – Ekki eða annað DV

E dómari	
- Röng fótastaða	- 0,10
- Fætur lárétt	- 0,10
- Fætur fyrir neðan lárétt	- 0,30

Ring hopp



Kröfur:
- Fetta og höfuð aftur
- 180°splitt í skálínu
- Aftari fótur við hvirfilinn

D dómari

- Ekki fetta og höfuð aftur - Splitt hopp/Sissone
- Ekki splitt - Ekki DV

E dómari	
- Ónóg fetta	- 0,10
- Aftari fótur við höfuð	- 0,10
- Aftari fótur í axlar hæð	- 0,30

Sheep hopp



Kröfur:
- Fetta í brjóstbaki og höfuð aftur með fætur í hvirfils hæð.
- Mjaðma rétta

D dómari
- Ekki fetta og höfuð aftur – Ekki DV
- Fætur fyrir neðan axlar hæð – Ekki DV

E dómari	
- Ónóg fetta	- 0,10
- Fætur við höfuð og lægra	- 0,10
- Ónóg rétta á mjöðmum	- 0,10
- Ónóg beygja á hné (≥90°)	- 0,10

Skiptisplittstökk

Kröfur:
- Sveiflufótur minnst 45°
- Sveiflufótur beinn

D dómari
- Of lítil eða engin sveifla á sveiflu – Splittstökk

E dómari	
- Sveiflufótur lægri en 45°	- 0,10
- Sveiflufótur boginn	- 0,10 / 0,30

Yang Bo

Kröfur:
- Mikil fetta og höfuð aftur
- Yfirsplitt með fremri fót, minnst lárétt

D dómari
- Ekki fetta og höfuð aftur – Splitt hopp/Sissone
- Fremri fótur fyrir neðan lárétt – Ring hopp

E dómari	
- Ónóg fetta	0,10
- Ekki yfirsplitt en fætur við lárétta línu	0,10

Skiptisplitt með snúning

Kröfur:
- Sveiflufótur minnst 45°
- Sveiflufótur beinn
- Sýna splitt stöðu (cross split)

D dómari
- Of lítil eða engin sveifla á sveifluf.-Splittstökk m/snú
- Ónógur snúningur verður
- Ónógur snúningur verður

E dómari	
Sveiflufótur lægri en 45°	- 0,10
- Sveiflufótur boginn	- 0,10 / 0,30

Ring splittstökk / Ring skiptisplittstökk (með / án snúnings)	
	Kröfur: - Fetta í brjóstbaki og höfuð aftur - 180° splitt - Fremri fótur láréttur og aftari fótur við hvirfilinn - Snú. framkvæmdur eftir að búið er að sýna ringstöðu **D dómari** - Ekki fetta og höfuð aftur – Splitt- /skiptisplittstökk - Aftari fótur f. neðan axlir – Splitt- / skiptisplittst. - Röng tímasetning á snú. – Splitt/skiptisplittst. með snú.

E dómari	
- Ónóg fetta	- 0,10
- Fremri fótur fyrir neðan lárétt	- 0,30
- Aftari fótur við höfuð	- 0,10
- Aftari fótur við axlar hæð	- 0,30
- Aftari fótur beinn	-0,10

Hámarksfrádráttur fyrir frávik frá réttri líkamsstöðu (body shape) má ekki fara yfir 0,50

Líkamsstöðu frádráttur inniheldur:
- Ónóg splitt
- Bognar fætur
- Ristar ekki strekktar
- Sérstakur frádráttur fyrir líkamsstöðu sem kemur fram í tæknikaflanum
- Líkamsstöðu og tæknileg frávik frá fullkominni framkvæmd æfingar

Athugið:
Lítil frávik frá fullkomni framkvæmd 0,10
Miðlungs frávik frá fullkomni framkvæmd 0,30
Stórt frávik frá fullkomni framkvæmd 0,50

Tvíslá

Handstaða er þegar allir líkamshlutar eru í beinni lóðréttri línu

9.4.1 Sveifla í Handstöðu



D dómari
Ef sveiflu er lokiðI:
- innan 10° frá lóðlínu – Gefa DV
- >10° – Ekki DV

E dómari	
- > 30° – 45°	– 0,10
- > 45°	– 0,30

9.4.2 Hring æfingar án snúnings og flug æfingar frá ER í handstöðu á NR





D dómari
Ef æfingu er lokið
- > 10° fyrir handstöðu – Ekki DV
- > 10° eftir handstöðu – Gefa 1 DV lægra

E dómari	
- > 10°- 30°	– 0,10
- > 30° -45°	– 0,30
- > 45°	– 0,50

9.4.3 Sveiflur – æfingar með snúning

- sem ná ekki handstöðu
- sem fara ekki í gegnum lóðlínu
- sem halda áfram eftir snúning í öfuga stefnu



Sveiflu æfingar með ½ (180°) snú: Allir líkamshlutar verða að ná láréttri línu til að fá DV, annars ekkert gildi (DV) gefið (empty swing)



D dómari
Ef æfingu er lokið
- innan 10° frá handstöðu – Gefa DV
- > 10° fyrir handstöðu – Gefa 1DV lægra en hring æfing í handstöðu með snú.

E dómari	
- > 10° – 30°	– 0,10
-> 30° – 45°	– 0,30
- > 45°	– 0,50

9.4.4 Hring æfingar með snúning í handstöðu og sveifla í handstöðu með snúning





D dómari
Ef æfingu lokið
-innan 10° *(hvoru megin)* - Gefa DV

E dómari	
- > 10° – 30°	- 0,10
- > 30° – 45°	- 0,30
- > 45°	- 0,50

Ef sama æfing er framkvæmd sem sveifla og sem hring æfing með snúning, þá er bara hægt að telja hana einu sinni.

Stökk

Stökk

Almennt

Í öllum þrepum Fimleikastigans þarf að gera tvö stökk, sama stökkið eða ólík fer eftir þrepum. Meðaltal fundið fyrir lokaeinkunn á ólíkum stökkum og þegar framkvæmt er sama stökkið þá gildir betri einkunnin.
Í 5. þrepi er sama stökkið framkvæmt tvisvar sinnum og betra stökkið gildir.
Í 4. þrepi er keppt með tvö ólík stökk og meðaltal þeirra gildir til einkunna. Stökkin hafa mismunandi upphafseinkunn. Í 3. þrepi er val um tvö ólík stökk af þremur, síðan er meðaltal fundið sem gildir til einkunna. Stökkin hafa mismunandi upphafseinkunn.
Í 2. -og 1. þrepi er frjálst val samkvæmt stökktöflu COP. Í 2. þrepi mega stökkin vera ólík en einnig má framkvæma sama stökkið tvisvar. Stökkin þurfa að vera ólík í 1. þrepi en mega vera úr sama stökkflokki. Meðaltal gildir sem lokaeinkunn.
Í 2. - 1. þrepi þurfa keppendur að sýna stökknúmer, sem er þriggja stafa tala gefin upp í stökktöflu COP. Ef keppandi gerir annað stökk en sýnt er, er enginn frádráttur. Móttaka á stökki er ekki leyfileg og er lokaeinkunn 0,00 af stökkum sem eru með móttöku.

Auka tilhlaup – Annar frádráttur (D dómarar)

Í 5., 4. og 3.þrepi er auka tilhlaup leyfilegt fyrir **hvert** stökk með frádrætti -1,00 ef hlaupið er framhjá bretti og stökkhesti eða framkvæmt **“0” stökk.** Þriðja tilhlaup ekki leyfilegt
Í 2. og 1. þrepi er auka tilhlaup leyfilegt fyrir **hvert** stökk með frádrætti -1,00 ef hlaupið er framhjá bretti og stökkhesti. Þriðja tilhlaup ekki leyfilegt

Löglegur stökkhestur/dýnustafli og dýnur fyrir 5.-1.þrep

- Lendingardýnur (2.-1.þrep) eiga að vera 20 cm á þykkt, 2,5 metrar á breidd og 6 metrar á lengd.
- Lendingadýna (5.- 3.þrep) á að vera 2,5 metrar á breidd og 4 metrar á lengd. Sjá nánar í stökktöflu.
- Öryggisdýna sem er 10 cm á þykkt, á að vera ofan á lendingardýnu (2. – 1.þrep) og er ekki leyfilegt að fjarlægja hana.
- Tvö stökkbretti eru til staðar með mismunandi stífleika og má ekki færa þau milli áhalda. Í keppni í 4.- 5.þrepi er einnig leyfilegt að keppa með trampólín stökkbretti (Booster) og í 5. þrepi má einnig keppa með 2 stökkbretti.
- Leyfilegt tilhlaup er 25 metrar eða styttra.
- Í araba-flikk innsvifi (Yurchenko) verður að vera öryggisdýna/safety collar utan um stökkbrettið, annars er einkunnin 0.00 stig.

Hæð á hesti

Mismunandi lágmarkshæð á hesti er í hverju þrepi. Hæðin á hestinum er mæld frá gólfi. Hæð lendingadýnu í 5., 4. -og 3. þrepi, sjá töflu fyrir hvert þrep.

5. þrep	Stökkhestur	1,00 m - 1,10 m
4. þrep	Stökkhestur	1,00 m, 1,10 m – 1,20 m
3. þrep	Stökkhestur	1,00 m, 1,10 m – 1,20 m
2. þrep	Stökkhestur	1,15 m – 1,25 m
1. Þrep	Stökkhestur	1,15 m – 1,25 m

Ef keppandi stekkur með stökkhestinn of lágan er **frádráttur 2,00 stig,** tekin af lokaeinkunn.

Upphafseinkunn / D einkunn Fimleikastigans

5.þrep, D: 7,00
4.þrep, D: 7,00 - 7,00
3.þrep, D: 6,00 - 6,50 - 7,00
2.-1.þrep, D: Samkvæmt stökktöflu Fimleikastigans

Stökktafla Fimleikastigans

1. stökkflokkur – Gildi samkvæmt COP
1. stökkflokkur – Yurchenko stökk fá uppbót 0,50 á gildið samkvæmt COP
2. -3. stökkflokkur – Öll stökk fá uppbót 0,50 á gildið samkvæmt COP
4. – 5.stökkflokkur - Öll stökk fá uppbót 0,70 á gildið samkvæmt COP
Viðbót við upphafseinkunn Fimleikastigans er +2,00 í 2. -1.þrepi, upphafseinkunn er þó aldrei hærra en 7,00

Lendingarsvæði

Afmarkað svæði er á lendingardýnu, svokallað lendingarsvæði, keppandi þarf að lenda innan þess svæði.
D dómari tekur frádrátt frá lokaeinkunn keppanda ef farið er út fyrir lendingarsvæðið.

- Lent eða stigið út fyrir lendingarsvæðið með eina hönd/fót
  - −0,10
- Lent eða stigið út fyrir lendingarsvæðið með báðar hendur/fætur eða líkamspart
  - −0,30

Útreikningur á lokaeinkunn:

. Þegar bara eitt stökk er framkvæmt
. Þegar annað stökkið fær "0" stig
. Fyrsta stökkið er endurtekið sem seinna stökk = "0"

Útreikningur:

Einkunn stökks sem var framkvæmt deilt með 2 = Lokaeinkunn

Útreikningur á lokaeinkunn 4. – 1. þrepi:

. Þegar stökkin eru ekki mismunandi vegna lélegrar útfærslu á stökkinu

Dæmi: 1.stökk ½ inn – ½ út
2.stökk ½ inn – 1/1 út en nær ekki að klára snúning, dæmist sem ½ snúningur
Dæmi: 1.stökk Tsukahara samanbogið
2.stökk Tsukahara vinklað, dæmist sem samanbogið

Útreikningur:

(Einkunn 1. stökks) + (Einkunn 2. stökks mínus 2.00)/2 = Lokaeinkunn

Framkvæmd ógildra stökkva. (0.00 stig) *

-Enginn stuðningur við stökkhest
-Notar ekki safety collar í araba-innstökki
-Móttaka í stökki
-Lendir ekki á fótum fyrst
-Stökk með svo lélega framkvæmd að ekki er hægt að viðurkenna það eða spyrnt er frá fótum af stökkhesti.
-Framkvæmt ólöglegt stökk (sundur fætur, fleiri æfingar áður en komið er á brettið, lendir í hliðarstöðu af ásetningi).
-Fyrsta stökkið er endurtekið sem seinna stökk

***ATH**. "0"- einkunn er ákveðin af D dómurum. E dómarar dæma ekki stökkið.

Upphafseinkunn og annar frádráttur

Upphafseinkunn / D einkunn á stökki í 1.- 5. Þrepi

Samkvæmt stökktöflu Fimleikastigans

Sérstakur áhaldafrádráttur í 1.-5.þrep - Annar frádráttur (D dómarar)

Villur	**0,10**	**0,30**	**≥0,50**
- Auka tilhlaup án stökks			1,00
- Þjálfari fer inn á dýnur hjá áhaldinu á meðan keppni stendur eða stendur milli brettis og stökkhests (þjálfari skal vera fyrir utan lendingardýnu)			1,00
- Meira en 25 metra tilhlaup			0,50
- Hæð á stökkhesti ekki rétt			2,00
- Stuðningur með bara eina hendi á stökkhesti			2,00
- Ekki mismunandi stökk í 4. – 1. þrepi vegna mjög lélegrar framkvæmdar			2,00
- Ekki mismunandi stökk í 4. og 3. þrepi			2,00

Stökk frádráttartafla 1.-3. þrep

Sérstakur áhalda frádráttur (E- dómari)

Villur	0,10	0,30	0,50
Innsvif			
- Snúningur ekki klárður í innsvifi			
. 1. flokkur með ½ (180°) snú	≤45°	≤90°	
. 3. flokkur með ¼ snú		≤45°	
. 4. flokkur með ¾ (270°) snú	≤45°		
1. eða 2. flokkur með 1/1 (360°) snú	≤45°	≤90°	>90°
- Léleg tækni			
. Vinkill í mjöðmum	X	X	
. Fetta	X	X	
. Bogin hné	X	X	X
. Fætur eða hné í sundur	X	X	
Stuðningur			
- Léleg tækni			
. Staða handa röng í 1. 2. og 5. flokk (á ekki við um beint heljar fram með snúning)	X	X	
. Bognar hendur	X	X	X
. Vinkill í öxlum	X	X	
. Ekki farið í gegnum lóðrétta stöðu	X		
. Snúningur byrjar of snemma (á stökkhesti)	X	X	
Afsvif			
- Of mikið vinklað/rétta (snap)	≥90°	<90°	
- Hæð	X	X	X
- Nákvæmni í snúningi (einnig í Cuervo)	X		
- Líkamsstaða			
. Ónóg samanbogin/vinkluð staða í heljarstökki	X	X	
. Ónóg samanbogin/vinkluð staða í heljarst. með snú	X		
. Ónóg bein staða í heljarstökki með beinum líkama	X		
. Ónóg bein staða í heljarstökki með beinum líkama með skrúfu	X	X	
. Beinum líkama ekki haldið í gegnum stökki (vinklað niður of snemma)	X	X	
. Ónóg og/eða sein opnun fyrir lendingu (samanbogin og vinkluð stökk)	X	X	
. Bogin hné	X	X	X
. Fætur sundur	X	X	
- Undirsnúningur í heljarstökki			
. ekki fall	X		
. með falli		X	
- Ónóg lengd	X	X	
- Farið út úr réttri stefnu í lendingu (fyrsta snerting).	X		
- Kraftur	X	X	
Lendingar frádráttur sjá Almennur frádráttur			

Stökk frádráttartafla 3.-5. þrep

Sérstakur áhalda frádráttur (E dómari) fyrir 3. - 5.þrep

(og undirstrikun er breyting frá COP)

Villur	**0,10**	**0,30**	**0,50**
Tilhlaup			
-Ekki hröðun í tilhlaupinu	X	X	X
Innsvif			
- Léleg tækni			
. Vinkill í mjöðmum	X	X	X
. Fetta	X	X	X
. Bogin hné	X	X	X
. Fætur eða hné í sundur	X	X	X
Stuðningur			
- Léleg tækni			
. Skökk handarísetning eða skref með höndunum	X	X	
. Bognar hendur	X	X	X
. Vinkill í öxlum	X	X	X
. Ekki farið í gegnum lóðrétta stöðu	X	X	
. Höfuð snertir hest			1,00
Afsvif			
- Hæð	X	X	X
- Líkamsstaða			
. Beinum líkama ekki haldið í gegnum stökkið (vinklað niður of snemma)	X	X	X
. Léleg líkamstaða í gegnum afsvifið	X	X	X
. Handleggir ekki upp/fram við lendingu	X		
. Bogin hné	X	X	X
. Fætur sundur	X	X	X
- Undirsnúningur			
. ekki fall	X	X	
. með falli eða stórt skref		X	X
- Ónóg lengd	X	X	X
- Farið út úr réttri stefnu í lendingu (fyrsta snerting)	X		
- Kraftur	X	X	X
Lendingar frádráttur sjá Almennur frádráttur			
- Ekki lent í demiplie eftir upphopp eða ekki sýnd greinileg lending og endastaða		X	

Stökk 5. þrep

Hestur 1,00 - 1,10 m, lendingardýna 0,50 m á hæð

Eitt keppnisstökk

- #1 Tilhlaup, innstökk á brettið, Yfirslag, D: 7,00

D einkunn: Gildi stökksins, 7,00
Framkvæma tvö stökk. Betra stökkið gildir
*Leyfilegt er að nota tvö stökkbretti
*Leyfilegt er að nota trampólín bretti (Booster)

Stökk 4. þrep

Hestur 1,00 m, 1,10 m, 1,20 m, lendingardýna í sömu hæð og stökkhestur

Tvö keppnisstökk

- #1 Tilhlaup, innstökk á brettið, Yfirslag D: 7,00
- #2 Tilhlaup, innstökk á brettið, ¼ inn (tsukahara undirbúningur), lenda standandi D: 7,00

Eitt upphopp leyfilegt og lending í demi plie.
D einkunn: Gildi stökksins, 7,00
Framkvæma tvö ólík stökk. Fundið meðaltal af tveimur stökkum.
*Leyfilegt er að nota trampólín bretti (Booster)

UPPHAFSEINKUNN/ D EINKUNN

Sjá stökktöflu Fimleikastigans fyrir 3. – 1. þrep

Stökk 3. þrep

Hestur 1,00 m, 1,10 m, 1,20 m, lendingardýna í sömu hæð og stökkhestu

Val um tvö keppnisstökk af þremur.

- #1 Tilhlaup, innstökk á brettið, Yfirslag D: 6,50, Eitt upphopp leyfilegt og lending í demiplie.
- #2 Tilhlaup, innstökk á brettið, ¼ inn (tsukahara undirbúningur), lenda standandi og detta á bakið með beinar mjaðmir D: 6,00
- #3 Tilhlaup, arabastökk inn á brettið, flikk upp á stökkhestinn, lenda standandi og detta á bakið með beinar mjaðmir D: 7,00

D einkunn: Gildi stökksins, 6,00 - 6,50 - 7,00
Framkvæma tvö ólík stökk. Fundið meðaltal af tveimur stökkum.

Stökk 2. þrep

Hestur 1,15 m eða hærri

Val um tvö stökk úr COP, má vera sama stökkið framkvæmt tvisvar..

Framkvæma tvö stökk. Fundið meðaltal af tveimur stökkum.
D einkunn: Gildi stökks samkvæmt Fimleikastiga + 2,00 (en þó aldrei hærri en 7,00)

Stökk 1. þrep

Hestur 1,15 m eða hærri

Val um tvö ólík stökk úr COP, má vera úr sama stökkflokki.

Framkvæma tvö ólík stökk. Fundið meðaltal af tveimur stökkum.
D einkunn: Gildi stökks samkvæmt Fimleikastiga + 2,00 (en þó aldrei hærri en 7,00)

Tvíslá

Tvíslá

Almennt

Æfingar á tvíslá í 5. – 2. þrepi eru skylduæfingar. Æfingar í 1. þrepi er létt frjáls æfing með fjórum sérkröfum. Það er val hvort keppendur frá sama félagi hafi sömu æfingar eða hver sína æfingu.
Skylduæfingarnar í 5. – 2. þrepi eiga allar að vera tengdar (undantekning í 5.þrepi). Ef ekki tengdar þá er tekinn frádráttur 0,50 eins og aukasveifla eða millisveifla.

Þjálfarar eiga að standa við æfingar á tvíslá í 5. – 2. þrepi fyrir öryggi keppenda. Móttaka er ekki leyfileg og missir keppandi gildi þeirrar æfingar og sérkröfu, ásamt 1,00 stig í frádrátt fyrir móttöku. Þjálfarar mega ekki skyggja á sýn dómara. Æskilegt er að þjálfari standi andspænis dómurum.

Lögleg tvíslá

Lögleg tvíslá, hæð neðri ráar er 175 cm og hæð efri ráar er 255 cm. Bil á milli ráa er 130 - 180 cm.
Ef að hækka þarf rár vegna hæðar keppanda þarf að sækja um leyfi hjá yfirdómara mótsins, áður en keppni hefst.

Dýnur

Undir tvíslánni eiga dýnur að vera allt að 14,0 m á lengd, 7 m frá miðju tvísláar í hvora átt og 20 cm á þykkt.
Öryggisdýna sem er 10 cm á þykkt á að vera ofan á lendingardýnu í afstökki og er ekki leyfilegt að fjarlægja hana eða færa eftir að æfing hefst.
Sjá Áhaldakröfur fyrir Fimleikastigann

Uppstökk - Annar frádráttur (D dómarar)

Leyfilegt er að nota stökkbretti í uppstökk í öllum þrepum. Ef keppandi snertir brettið í fyrstu tilraun án uppstökks fær hann frádrátt 1,0 og verður að byrja æfinguna og fær ekkert gildi fyrir uppstökk. Ef keppandi hleypur framhjá í uppstökki má hann reyna aftur en með frádrátt 1,0 ef hann hefur ekki snert áhaldið eða stökkbrettið. Þriðja tilraun er ekki leyfileg.

Tímataka við fall

Við fall hefur keppandi 30 sek til þess að komast aftur upp á tvíslána. Ef keppandi fer yfir 30 sek og heldur svo áfram æfingunni er frádráttur 0,30. Ef keppandi hefur ekki byrjað æfinguna innan 60 sek þá er æfingunni lokið.

Tímataka falls byrjar þegar keppandi stendur í fæturna eftir fall.
Bjölluhljómur er gefin við
10 sek
20 sek og aftur við
30 sek þegar tíminn er búin.
Tímatöku lýkur um leið og fætur spyrna frá gólfi. Ekki er nauðsynlegt að heilsa dómurum aftur.

Empty swing, auka sveifla = sveifla fram/aftur án þess að framkvæma æfingu úr COP, áður en sveiflað er í öfuga stefnu.
Undantekning "Shaposhnikova" æfingar.
Intermediate, Millisveifla = pump/vipp sveifla frá stuðningi og eða fleiri en ein stærri sveifla sem ekki er nauðsynleg til að framkvæma næstu æfingu. Frádráttur 0,50

Afstökk með falli: D dómarar / E dómarar

- Ef heljarstökk í afstökki hefur ekki byrjað og það verður fall eða
- Ekki tilraun til afstökks (lent á fótum eða fall þegar lent á fótum)

Dæming.
- Vantar gildi – (D dómarar)
- Ekkert afstökk = Ekki reynt við skylduæfingu – 1,00
- Fall – 1,00 eða lendingar frádráttur ef ekki fall (E dómarar)

Ef keppandi fer aftur upp á tvíslánna og framkvæmir afstökk, þá er tekinn frádráttur fyrir lendingu en ekki fyrir að það vanti skylduæfingu.

Ef heljarstökk í afstökki er byrjað og þá verður fall:
Dæming:
- Vantar gildi (D dómarar)
- Fall – 1,00 (E dómarar)

Tvíslá frádráttartöflur

Upphafseinkunn / D einkunn á tvíslá í 1.- 5. Þrepi

Gildi æfingar	Sjá í viðkomandi þrepi
Gildi æfinga, sérkröfur og bónus í 1. þrepi	Sjá 1.þrep

Sérstakur áhaldafrádráttur í 2.-5.þrep - Annar frádráttur (D dómarar)

Villur	0,10	0,30	≥0,50
- Ekki reynt við skylduæfingu			1,00
- Ekki reynt við æfingu með gildið X			1,00
- Óvirkur þjálfari / þjálfari ekki upp á dýnu			1,00
- Auka tilhlaup án uppstökks			1,00
- Ekki heljarstökk afstökk í 2. þrepi			1,00

Sérstakur samsetningar frádráttur í 1. þrepi (E dómarar)

Villur	0,10	0,30	0,50
- Hanga á ER, setja fætur á NR, grípa í NR			x
- Oftar en 2x sama æfingin beint tengd fyrir afstökk	x		

Sérstakur samsetningar frádráttur í 2. – 5. þrepi (E dómarar)

- Æfingar ekki rétt tengdar saman eins og fram kemur í hverju þrepi, þ.e. gert stopp, millisveifla, aukaæfing á milli æfinga	0,50
- Undantekning í 5.þrepi, eftir langkipp, vipp, afturábak hring	

Sérstakur áhaldafrádráttur (E dómarar)

Villur*	0,10	0,30	0,50	1,00
- Líkamsstaða í handstöðu og sveiflu í handstöðu	x	x		
- Lagfæra staðsetningu handa (hvert skipti, ekki hvert skref)	x			
- Strjúka dýnu (brush on mat)		x		
- Slá (hit) í áhald með fótum			x	
- Slá í dýnu með fótum				1,00
- Ekki einkennandi tvíslá æfing (æfingar sem spyrna af tveim fótum eða lærum)			x	
- Lélegur rytmi í æfingum	x			
- Ónóg hæð í flug æfingum	x	x		
- Undir snúningur í flug æfingum	x			
- Ónóg rétta í kippum	x			
- Millisveifla / Empty sveifla			x	
- Staðsetning þegar snúningur klárаður	x	x	x	
Vídd í - sveiflur fram eða aftur undir lárétt (90°) - vipp (cast)	 x x	 x		
- Mikill vinkill/rétta (snap) í mjöðmum í afstökki	x	x		
- Röng eða engin vinna í sveiflum			x	

***Ef það er ekki fall, þá er hámarks frádráttur 0,80 fyrir hverja æfingu (element)**

Stutt æfing í 5. – 2. Þrepi:

D einkunn: Reikna saman þær æfingar og tengingar sem vantar og draga frá 7,00
Annar frádráttur: Fjöldi æfinga sem vantar x 1,00 (ekki reynt við skylduæfingu)
Ef D- og E einkunn reiknast 0,00 telja þá gildi þeirra æfinga sem sýndar voru til einkunnar.

Tvíslá 5. þrep

Stöðluð uppröðun skylduæfinga. Hæð neðri ráar 150-170 cm, (má setja auka 20 cm dýnur undir tvíslá ef það er ekki hægt að lækka).

Æfingar	Gildi	Frádráttur	Stig
Langkippur	2,00	Ekki rétt úr mjöðum Stopp leyfilegt	≤ 0,30
eða			
Hopp í undirbúningssveiflu fyrir langkipp	0,50	Ekki rétt úr mjöðum Rá sleppt fyrir terru	≤ 0,30 0,30
Terra (létt fráspyrna leyfileg) (sleppa ef langkippur)	0,50	Ekki rétt úr líkama í lokin Mikil fráspyrna	≤ 0,30 ≤ 0,50
Vipp 90°, minnst 45°	0,50	Vipp 90°-70° Vipp 70°-45° Vipp < 45°	0,10 0,30 0,50
Afturábakhringur	1,00	Snýr ekki úlnliðum Bognir olnbogar Kúptri líkamsstöðu ekki haldið	≤ 0,30 ≤ 0,50 ≤ 0,50
Vipp 45°, fætur beinar á rá,	0,50	Vipp < 45°	≤ 0,50
Sólasveiflu – afstökk (fætur sundur/saman)	1,00		

Efri rá			
Sækja sveiflu	X		
Sveifla aftur, minnst 45°	X	Sveifla 70°-45° Sveifla < 45°	0,10 0,30
Sveifla fram,	0,50	Sveifla 90°-70° Sveifla 70°-45° Sveifla < 45°	0,10 0,30 0,50
Sveifla aftur	0,50	Sveifla 90°-70° Sveifla 70°-45° Sveifla < 45°	0,10 0,30 0,50
Sveifla fram	0,50	Sveifla 90°-70° Sveifla 70°-45° Sveifla < 45°	0,10 0,30 0,50
Sveifla aftur Sleppa	0,50	Sveifla 90°-70° Sveifla 70°-45° Sveifla < 45°	0,10 0,30 0,50
Heild	**7,00**		

Tvíslá 4. þrep

Hæð neðri ráar 170 cm, hæð efri ráar 250 cm. Hæðarmismunur milli ráa á að vera 80 cm.

Æfingar	Gildi	Frádráttur	Stig
Langkippur á neðri rá	1,00	Ekki rétt úr mjöðum	≤ 0,30
Vipp 90°	X	Vipp 90°-70° Vipp 70°-45° Vipp <45° *Ekki reynt við"X" skylduæfingu-* ***Annar frádr. 1,00*** *Vantar "tengja í"**D einkunn 0,50***	0,10 0,30 0,50
Langkippur á neðri rá,	1,00	Ekki rétt úr mjöðum	≤ 0,30
Vipp 90°, fætur saman Hoppa milli ráa	0,50	Vipp 90°-70° Vipp 70°-45° Vipp <45° Fætur ekki saman	0,10 0,30 0,50 0,30
Langkippur á efri rá	1,00		
Vipp 90°	X	Vipp 90°-70° Vipp 70°-45° Vipp < 45°	0,10 0,30 0,50
Afturábakhringur	1,00	Snýr ekki úlnliðum Bognir olnbogar Kúptri líkamsstöðu ekki haldið	0,30 ≤ 0,50 ≤ 0,50
Undirsveifla, 90° frá lóðlínu, minnst 45°	1,00	Sveifla 90°- 70° Sveifla 70°- 45° Sveifla fyrir neðan 45° Ekki kúpt líkamsstaða	0,10 0,30 0,50 ≤ 0,30
Sveifla aftur, Sveifla fram, Sveifla aftur	0,50	Sveifla 90°-70° Sveifla 70°-45° Sveifla < 45°	0,10 0,30 0,50
Afstökk : Val um **1.** Sveifla fram og 180° snú (nóg að snúa annarri hendi og snerta rá), axlir í hæð við rá **2.** Sveifla í heljarstökk val um líkamsstöðu	1,00	Sveifla 90°- 70° Sveifla 70°- 45° Sveifla fyrir neðan 45° Fætur sundur í snúning Ef rá ekki snert í afstökki	0,10 0,30 0,50 ≤ 0,30 Ógilt
Heild	**7,00**		

Tvíslá 3. þrep #1

Hæð efri ráar 250 cm. (má setja auka 20 cm dýnur undir einrá).

Æfingar	Gildi	Frádráttur	Stig
Æfing 1:			
Langkippur á efri rá Val um: 1.Sækja sveiflu 2.Hoppa af upphækkun	0,50	Ekki rétt úr mjöðum	≤ 0,30
Vipp 90°	X	Vipp 90°-70° Vipp 70°-45° Vipp < 45°	0,10 0,30 0,50
Hringæfing, minnst 90° frá handstöðu	1,00		
Langkippur	0,50	Ekki rétt úr mjöðum	≤ 0,30
Vipp í handstöðu, minnst 30° frá lóðlínu (fætur sundur eða saman)	1,00	30°- 45° frá handstöðu 45°- 90 frá handstöðu Fyrir neðan lárétt/90°	0,10 0,30 0,50
Risi aftur á bak	1,50		
Risi aftur á bak	1,50		
Afstökk úr COP	1,00	Ekki þarf að tengja risa við afstökk	
Heild	**7,00**		

Tvíslá 3. þrep #2

Hæð efri ráar 250 cm. (má setja auka 20 cm dýnur undir einrá).

Æfingar	Gildi	Frádráttur	Stig
Æfing 2:			
Langkippur á efri rá Val um: 1.Sækja sveiflu 2.Hoppa af upphækkun	1,00	Ekki rétt úr mjöðum	≤ 0,30
Vipp 90°	X	Vipp 90°-70° Vipp 70°-45° Vipp < 45°	0,10 0,30 0,50
Hringæfing minnst 30° frá lóðlínu	2,00	30°- 45° frá handstöðu 45°- 90 frá handstöðu Fyrir neðan lárétt/90°	0,10 0,30 0,50
Risi aftur á bak	1,50		
Risi aftur á bak	1,50		
Afstökk úr COP	1,00	Ekki þarf að tengja risa við afstökk	
Heild	**7,00**		

Tvíslá 2. þrep

Hæð neðri ráar 170 cm, hæð efri ráar 250 cm. Hæðarmismunur milli ráa á að vera 80 cm.

Æfingar	Gildi	Frádráttur	Stig
Langkippur á neðri rá	0,50		
Vipp í handstöðu , minnst 10°(*)	(1,00)	30°- 45° frá handstöðu 45°- 90 frá handstöðu Fyrir neðan lárétt/90°	0,10 0,30 0,50
Sólahringur/Stalder/afturábakhring í handstöðu, minnst 45°	1,00	Vídd samkv. COP Vantar > 45° frá handstöðu	Ógilt
Val: Langkippur á neðri rá og vipp með beinar fætur á rá **eða** Fætur beinar í rá og sólahringur aftur með beinar fætur saman	0,50		
Hoppa á milli ráa	0,50		
Langkippur á efri rá	0,50		
Vipp í handstöðu, minnst 10°(*)	(1,00)	30°- 45° frá handstöðu 45°- 90° frá handstöðu Fyrir neðan lárétt/90°	0,10 0,30 0,50
Risi aftur á bak	1,00		
Risi aftur á bak	1,00		
Afstökk: Heljarstökk; val frá COP	1,00	*- Ekki heljarstökk afstökk í 2. Þrepi* ***Annar frádr. 1,00***	
Heild	**7,00**		

- Önnur handstaðan verður að ná inn í 10°. Fær einu sinni gildi 1,00
- Ef bæði vippin undir 90° = *Ekki reynt við skylduæfingu-* ***Annar frádr. 1,00 (1x)***

Tvíslá 1. þrep

Erfiðleiki

Telja saman gildi 7 erfiðustu æfinganna og afstökkið.

Sérkröfur

Tvíslá 1. þrep	Gildi
1. Val um sérkröfu úr COP 2. Risasveifla (fram eða aftur) 3. Tvær ólíkar hring- æfingar (ekki úr sömu fjölskyldu) 4. Minnst 180° snúningur úr hring eða sveiflu í handstöðu (ekki vipp í handstöðu með 180° snúning)	1,00 1,00 1,00 1,00
Samtals	**4,00**

- Hopp á milli ráa er ekki til frádráttar

Sérstakur bónus fyrir Sérkröfur (D dómarar)

Tvíslá 1. þrep	Gildi
Sérkrafa úr frjálsum æfingum: ● minnst B gildi	0,50

Stutt æfing

D dómarar taka viðeigandi frádrátt fyrir of stutta æfingu f**rá lokaeinkunn**.

7 eða fleiri æfingar = engin frádráttur
5 – 6 æfingar = - 4.00 stig
3 – 4 æfingar = - 6.00 stig
1 – 2 æfingar = - 8.00 stig
Engin æfing = - 10.00 stig

Tækni í sveiflum

Sýna þarf rétta tækni í gegnum sveiflur í þrepum Íslenska Fimleikastigans þ.e.a.s kúpta-fatta-kúpta (hollow-arch-hollow) líkamstöðu í gegnum alla hreyfinguna. Að auki viljum við minna á að höfuð er hlutlaust í gegnum alla hreyfinguna, þ.e.a.s. höfuðið liggur á milli handa.

Aftur sveifla – sýna þarf langar axlir og kúpta (hollow) líkamsstöðu í aftur sveiflunni, til að sýna færslu fram hjá neðri ránni fyrir áframhaldandi æfingar á tvíslá s.s. risa.

Staða undir ránni – Sýna þarf fatta (arch) líkamsstöðu, rétta úr öxlum og mjöðmum, og vinnu inn í sveifluna að krafti fram með því að fætur sparki/sletti undir ránni fyrir góða vídd í sveiflunni.

Fram sveifla –sýna þarf langar axlir og kúpta (hollow) líkamsstöðu í fram sveiflunni, ristar leiða sveifluna upp og líkamsstaðan á alltaf að vera kúpt.

Röng líkamsstaða í gegnum sveifluna er til frádráttar.

Fram sveifla



Staða undir rá



Aftur sveifla



Slá

Slá

Almennt

Æfingar á jafnvægisslá í 3., 4. og 5. þrepi eru skylduæfingar með vali. Þjálfarar semja æfingu fyrir hvert félag, ráða röðun æfinga og semja hreyfingar (kóreografíu) fyrir utan eina forsamda línu sem er eins hjá öllum keppendum. Æfingar í 2. þrepi eru einnig skylduæfingar þar sem félögin ráða alfarið uppröðun skylduæfinga og hreyfinga. Æfingar í 1. þrepi eru léttar frjálsar æfingar með fjórum sérkröfum. Það er val hvort að keppendur frá sama félagi hafi sömu æfingar eða hver sína æfingu.

Við samsetningu á æfingu þarf að huga að því að kóreógrafía sé fjölbreytileg og innihaldi hreyfingar handa, fóta og bols sem og færslu í allar áttir. Kóreografía verður að hæfa aldri og getu fimleikastúlkna. Blanda skal hreyfingum á viðeigandi hátt inn á milli skylduæfinga svo að æfingin renni vel saman í heild sinni og geri keppendum kleift að vera sem glæsilegastir í æfingum sínum.

Lögleg slá

Hæð á slá er mæld frá gólfi að efri brún sláar.
Hæðin er mismunandi eftir þrepum.

